

Atvinnuveganefnd Alþingis

Vegna: Lagareldisfrumvarp

Mál 930 á 154. Löggjafarþingi, 2024.

Stjórn Vestfjarðastofu fagnar því að atvinnugreinin sjókvíaeldi hafi verið skoðuð heildrænt og í lagafrumvarpinu koma fram góðar lausnir sem munu verða greininni til framdráttar. Hér á eftir koma atriði sem þarf að skoða nánar.

Fyrir sveitarfélögin er nauðsynlegt að fá nákvæma útreikninga á áhrifum þessara breytingar á framleiðslugjaldið þar sem þriðjungur þess myndar samfélagssjóðinn þ.e. hver verður hlutur sveitarfélaganna í raun. Í frumvarpinu eru hvatar til umhverfisbóta, sem eru mikilvægt, en allar umbætur í umhverfismálum skerða tekjur sveitafélaganna.

Með nýju lögnum er einstakt tækifæri til að leggja áherslu á að efla rannsóknir og uppbyggingu þekkingar í fiskeldi í nálægð við sjókvíaeldið og fjölgun starfa sem því tengist.

Umsagnir um lagareldisfrumvarpið eru settar þannig fram að texti úr frumvarpinu er í gráum boxum og umsagnir koma þar á eftir.

Ábendingar um lagagreinar og skýringar með lögum sem telja má að varði áhrif á samfélög á Vestfjörðum.

Þróun ramma fiskeldis – samantekt Vestfjarðastofu

- 2008 –10 ára Rekstrarleyfi
- 2014 -Burðarþolsmat
- 2014 -Sjókvíaeldissvæði
- 2014 -Umhverfissjóður
- 2019 -Áhættumaterfðablöndunar
- 2019 –16 ára Rekstrarleyfi
- 2023 –Strandsvæðaskipulag Vestfjarða. (afmörkun staðbundinnar nýtingar, siglingaröryggi).

Stefnumótunfiskeldis 2016-2017, drög sett fram en var ekki lokið

Stefnumótunlagareldis 2022 –2023 Boston Consulting, Ríkisendurskoðun

Það er gott að í frumvarpinu er búið að skilgreina sérstaklega sjókvíaeldisbyggðir og einnig að friðunarsvæði sjókvíaeldis verði lögfest. Nú þegar ljóst er hvaða svæði muni verða sjókvíaeldissvæða á Íslandi munu tækifæri framtíðarinnar liggja í bestun greinarinnar. Beðið hefur verið eftir þessu frumvarpi í rúman áratug.

6. gr. Áhættumat erfðablöndunar.

“Með áhættumatinu er áhætta af erfðablöndun fjórra eldislaxa við villta nýjast fna lax metin með likani. Áhættumat skal gefið út miðað við þann l.fmassa fjórra laxa sem mætti ala í sjó ef

hagkvæmustu skiptingu milli smitvarnasvæða væri fylgt. Áhættumat eijðablöndunar skal ekki skipt niður á smitvarnasvæði ef Hæfrannsóknastofnun en getur tekið mið ef skiptingu milli hæfsvæða og landshluta ef við á. Hluti ráðgjafa Hæfrannsóknastofnunar í áhættumati eijðablöndunar er framsetning skiptihlufalla vegna flutnings laxahluta milli smitvarnasvæða. Áhættumatið skal byggt á þáttum eins og áætlun um jölda stroki fiska og endurkomuhlufalli þeirra, áhrifum hæfstrauma og dreifingu fiska, jarlægð á frá eldissvæðum, stofnstærð laxa í ám og öðru sem þýðingu kann að hafa.”

IV. KAFLI Smitvarnasvæði og dýraheilbrigði.

11. gr. Afmörkun smitvarnasvæða.

“Afmarka skal tiltekin smitvarnasvæði þar sem stunda má sjókvíaeldi. Almennt skal miða við að hvert einstakt vatnshlot sé eitt smitvarnasvæði en þó er heimilt að skipta vatnshloti í fleiri en eitt smitvarnasvæði ef slikt er mögulegt með tilliti til rekstraröryggis og smitvarna. Með sama hætti má ákveða að smitvarnasvæði nái yfir fleiri en eitt vatnshlot, eða hluta vatns-hlota.”

12. gr. Almennt um smitvarnasvæði.

Tilgangur með afmörkun smitvarnasvæða er að takmarka útbreiðslu sjúkdóma og snikju-áýra milli einstakra hæfsvæða.

*Á hverju smitvarnasvæði skal aðeins veita einum rekstraraðila rekstrarleyfi og stafræki til sjókvíaeldis. Rekstrarleyfishafa er óheimilt að stafrækja sjókvíaeldi á smitvarnasvæði þar sem annar rekstrarleyfishafi stafrækir sjókvíaeldi. **Rekstrarleyfishafa er heimilt að stafrækja sjókvíaeldi á fleiri en einu smitvarnasvæði svo fremi sem aðrir rekstrarleyfishafa stafræki ekki sjókvíaeldi á sömu svæðum.***

Stafræki rekstrarleyfishafi sjókvíaeldi á fleiri en einu smitvarnasvæði skulu engu að síður sömu reglur gilda og endranær um flutning milli svæða á fiski, farartækjum, búnaði og öðru því sem getur borið smit eða snikjuáýr milli smitvarnasvæða, sbr. 14. og 15. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða á um lágmarksjarlægð milli sjókvíaeldisstöðva og einstakra sjókvía í reglugerð.

Afmörkun smitvarnasvæða gæti leitt til þess að einn aðili yrði á Vestfjörðum og einn á Austfjörðum í sjókvíaeldi. Hafa áhrif þess verið skoðuð út frá samkeppnissjóðarmiðum og stöðu sveitarfélaganna? Ef ekki beinum við því til Atvinnuveganefndar að meta þau áhrif.

Ríkið setur stjórnvaldsaðgerð til framkvæmdar hjá fyrirtækjum í tengslum við smitvarnasvæðin og ljósgeisla frá vitum. Þarna getur skapast mikið ósamræmi vegna valdahlutfalla fyrirtækjanna og getur verið flókið að leysa milli fyrirtækjanna.

Mikilvægt verður að teljast að stjórnvaldsaðgerðir séu framkvæmanlegar og verður að teljast óábyrgt að það sé algerlega sett í hendur fyrirtækjanna að leysa málin. Stjórnvaldsaðgerðir eiga ekki að stuðla að óeiningu um veigamikil mál eins úthlutanir innan smitvarnasvæða.

Ennfremur verður að benda á þá óvissu vegna bráðabirgðaákvæðis II sem tengist þessari grein. Ef ekki tekst að semja fyrir 2028 um skiptingu smitvarnasvæða eru öll leyfi á svæðinu felld úr gildi með fylgjandi róti og óvissu.

V. KAFLI

Úthlutun smitvarnasvæða og rekstrarleyfi.

24. gr. Úthlutun smitvarnasvæða.

Þegar burðarþolsmat hefur verið gert fyrir vatnshlot eða önnur afmörkuð hafsvæði er ráðherra heimilt að úthluta smitvarnasvæðum í viðkomandi vatnshloti eða hafsvæði. Ráðherra ákveður hvencær smitvarnasvæðum er úthlutað og hversu mörgum er úthlutað hvefju sinni.

Smitvarnasvæði skal úthlutað til umsækjanda með útboði og skulu umsækjendur tilgreina í tilboði, auk annarra upplýsinga, þá tilboðsjárhæð sem þeir eru reiðubúnir að greiða fyrir úthlutun viðkomandi smitvarnasvæðis. Heimilt er að gera kröfu um lágmarkstilboðsjárhæð í útboðinu. Tilboðsjárhæð rennur í ríkissjóð.

Við mat á tilboðum kemur m.a. til skoðunar jjarhæð tilboðs, reynsla af sjókvíaeldisstarfsemi, jjarhagslegur styrkur, mælikvarðar sem mæla hvernig tilboðsgjafi hefur stundað annan rekstur sinn, svo sem nýtingu þegar útgefinna rekstrarleyfa, og upplýsingar um hvernig tilboðsgjafi hyggst stunda reksturinn, m.a. út frá umhverfissjónarmiðum. Ávallt skal heimilt að víkja frá hæsta boði ef aðrir þættir en tilboðsjárhæð mæla með því að öðru tilboði sé tekið. Úthlutun smitvarnasvæða skal auglýsa opinberlega.

Það er gott ákvæði að heimilt er að víkja frá hæsta boði ef starfshættir, reynsla og aðrir þættir vega hærra svo sem umhverfissjónarmið. Við mat á tilboðum væri eðlilegt að haft væri samráð við sjókvíaeldisbyggðalög og slíkt ákvæði mætti útfæra í reglugerð ráðherra.

Ef fyrirtækjum hefur ekki tekist að skipta með sér sóttvarnasvæðum munu öll fyrirtækin missa leyfin samkvæmt bráðabirgðaákvæði II. Ef leyfin eru boðin út aftur þá er ljóst að það er ekki fjárhagslegur jöfnuður milli aðila að bjóða í leyfin. Væru ekki aðrar leiðir betri?

37. gr. Búnaður sem ekki er í notkun.

Þegar notkun búnaðar lýkur skal rekstrarleyfishafi jjarlægja allan slíkan búnað af eldissvæði að kröfu Matvælastofnunar. Rekstrarleyfishafi getur óskað eftir að Matvælastofnun veiti undanþágu frá skyldu til að jjarlægja búnað samkvæmt þessari grein enda verði búnaðurinn fyrirjáanlega notaður til sjókvíaeldis á næstu 20 mánuðum frá þeim tíma talið þegar síðustu notkun lauk eða ef viðkomandi búnaður torveldar augjóslega ekki aðra nýtingu viðkomandi eldissvæðis.

Það á að vera á ábyrgð fyrirtækjanna að farga öllum sínum aflagða búnaði og að reglulegt eftirlit sé haft með þeim búnaði sem ekki er í notkun hverju sinni. Þeirri ábendingu er hér komið á framfæri að skoða hvort þetta ákvæði geti skarast á við útgefið byggingarleyfi eða strandsvæðaskipulag?

XII. KAFLI

Afturköllun rekstrarleyfis til sjókvíaeldis.

64. gr. Forsendubrestur.

Rekstrarleyfishcfi skal innan fimm ára frá fyrstu útgáfu rekstrarleyfis nýta a.m.k. einu sinni 20% af hámarkslifmassa viðkomandi smitvarnasvæðis. Ef starfsemi rekstrarleyfishcfa nær ekki viðmiði skv. 1. másl. skal Matvælastcfnun fella rekstrarleyfið úr gildi. Matvælastcfnun getur veitt undanþágu frá 1. másl. ef málefnaleg sjónarmið búa að baki tçfinni, þó ekki lengur en 12 mánuði.

Að loknu upphcfstímabili skv. 1. mgr. skal Matvælastcfnun fella úr gildi rekstrarleyfi ef starfsemi á smitvarnasvæði stöðvast í þjú ár eða ef mesta nýting leyfilegs lfmassa á hverju ári er undir 35% að meðaltali á ári á sex ára tímabili.

Áður en gripið er til afturköllunar leyfis skv. 1. og 2. mgr. skal Matvælastcfnun veita rekstrarleyfishcfa skriflega viðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta.

Hcfi rekstrarleyfishcfi glatað meira en 40% af upphcflægum leyfilegum lfmassa smitvarnasvæðis vegna skerðinga skv. IX. og X. kafla skal Matvælastcfnun fella rekstrarleyfi úr gildi.

Fyrirgeri rekstrarleyfishcfi rétti sínum til rekstrarleyfis samkvæmt þessari grein telst rekstrarleyfishcfi hcfa glatað rétti til að starfa á viðkomandi smitvarnasvæði, óháð því hvort starfsleyfi sé í gildi eða ekki samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, og má ljóða smitvarnasvæðið út að nju. Skal úthlutun smitvarnasvæðis til viðkomandi aðila falla niður án bóta og endurgreiðslu.

Í lögnum er búið að skýra mjög vel hver viðbrögð við misbrestum á rekstarleyfum, meðferð lúsa og fleiru eru sem er til mikilla bóta.

XIII. KAFLI

Umhverfissjóður og menntasjóður sjókvíaeldis.

66. gr. Umhverfissjóður sjókvíaeldis.

Umhverfissjóður sjókvíaeldis er sjáfstaður sjóður sem heyrir undir ráðherra. Ákvarðanir sjórnar eru endanlegar á sjórnsýslustigi. Markmið sjóðsins er að lágmarka umhverfisáhrf

sjókvíaeldis og efla menntun á sviði sjókvíaeldis. Með sjóðnum skal greiða kostnað við rannsóknir vegna burðarþolsmats, vöktunar og annarra verkefna sem sjórn sjóðsins ákveður.

67. gr. Sjórn Umhverfissjóðs sjókvíaeldis.

Umhverfissjóður sjókvíaeldis lýtur fjögurra manna sjórn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Einn sjórnarmaður skal skipaður samkvæmt tilnefningu Landssambands sjókvíaeldisstöðva, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga og einn samkvæmt tilnefningu ráðherra sem fer með umhverfismál. Ráðherra skal skipa formann sjóðsins án tilnefningar og skal atkvæði hans ráða úrslitum ef atkvæði falla jafnt. Varamenn skal skipa með sama hætti.

Í stjórn Umhverfissjóðs eiga að vera aðilar sem hafa með sjókvíaeldi að gera og búa yfir sérfræðipækkingu á umhverfismálum. Landssamband veiðifélaga á ekki erindi í þessari fjögurra manna stjórn en mjög mikilvægt er að fá sérfræðing á sviði umhverfismála sem býr yfir sérþekkingu á lífríki vatns og sjávarbotns inn í stjórnina til að auka faglegan bakgrunn.

Eins og segir í markmiðum fyrstu greinar frumvarpsins.

1. gr. Markmið

Markmið laga þessara er að skapa skilyrði til sjálfbærrar uppbyggingar lagareldis og efla þannig verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu lagareldi og tryggja verndun villtra nýjastefna. Skal leitast við að tryggja vernd vistkerfa, sjávarbotns og vatnshlota sem og lífræðilega fjölbreytni, veiferð eldisfiska og gæði framleiðslu. Við framkvæmd laganna skal byggt á vistkerfisnálgun og varúðarnálgun.

Stjórn Umhverfissjóðs getur síðan leitað faglegs álits Landssambands veiðifélag við sértæk mál er varða þeirra hagsmuni.

72. gr. Skipting úthlutunarjónar.

Umhverfissjóður sjókvíaeldis skal veita 80% af árlegu úthlutunarfé til Hafrannsóknastofnunar. Skal því úthlutunarfé varið til gerðar og endurskoðunar burðarþolsmats og áhættumats eifjåablöndunar og tengdra rannsókna, allt samkvæmt nánari ákvörðun Hafrannsóknastofnunar.

Umhverfissjóður sjókvíaeldis skal úthluta 20% af árlegu úthlutunarfé til rannsóknar og menntaverkefna sem tengjast sjókvíaeldi á vegum annarra en Hafrannsóknastofnunar. Auglýsa skal eigi sjaldnar en árlega eftir umsóknum um styrki samkvæmt þessari málsgrein.

Um 80% allra úthlutana úr Umhverfissjóði hafa runnið til Hafrannsóknarstofnunar á undanförunum árum, að undanskildu árinu 2023 þegar stofnunin fékk 100%. Það er eðlilegt að skýra það í lögum hversu mikið rennur til Hafró og auglýsa svo hin 20% sem sannanlega eru til skiptanna á aðra rannsakendur og menntastofnanir. Auk þess teljum við mikilvægt að Hafrannsóknarstofnun fái aukið fjármagn til grunnrannsókna á lífríki strandsvæða svo sem uppeldissvæða nytjastofna sem myndi nýtast öðrum greinum sem byggja á lífríki hafsins.

XIV. KAFLI

Framleiðslugjald og samfélagssjóður.

75. gr. Gjaldskylda.

Skyldu til greiðslu sérstaks framleiðslugjalds vegna sjókvíaeldis ber rekstrarleyfishæfi samkvæmt lögum þessum.

76. gr. Fjárhæð gjalds.

Rekstrarleyfishæfi skal mánaðarlega greiða gjald skv. 75. gr. í ríkissjóð sem greiðist í íslenskum krónum. Matvælastofnun skal ákvarða og birta fjárhæð gjaldsins með auglýsingu eigi síðar en 15. dag hvers mánaðar til að öðlast gildi fyrir komandi almanaksmánuð.

Fjárhæð gjalds á hvert kílógramm slátraðs lax skal miðast við nýjasta mánaðarmeðaltal aþjóðlegs markaðsverðs á eldislaxi næsta almanaksmánuð fyrir ákvörðunardag skv. 1. mgr. Mánaðarmeðaltal aþjóðlegs markaðsverðs skv. 1. másl. skal umreiknað í íslenskar krónur á meðaltali miðgengis Seðlabanka Íslands fyrir sama tímabil og skal gjaldið nema því hlutfalli af þeim stcfni sem hér segir:

1. 1% þegar verð er lægra en áætlaður framleiðslukostnaður,
2. 2% þegar verð er 15 kr. til 149,9 kr. hærra en áætlaður framleiðslukostnaður,
3. 4% þegar verð er 150 kr. til 299,9 kr. hærra en áætlaður framleiðslukostnaður,
4. 6,5% þegar verð er 300 kr. til 449,9 kr. hærra en áætlaður framleiðslukostnaður,
5. 8% þegar verð er 450 kr. til 599,9 kr. hærra en áætlaður framleiðslukostnaður,
6. 10% þegar verð er 600 kr. til 749,9 kr. hærra en áætlaður framleiðslukostnaður,
7. 11% þegar verð er 750 kr. eða hærra, en áætlaður framleiðslukostnaður.

Við gildistöku laga þessara skal áætlaður framleiðslukostnaður vera 1.026 kr. á kílógramm.

.....

Fjárhæðir í 2. mgr. breytast hverju sinni til samræmis við gengi krónu á móti evru á sama gengi og greinir í 1. og 2. másl. 2. mgr. og skal þá miða við að fjárhæðir sem fram koma í 2. mgr. séu á genginu 150 kr. á móti evru áður en þær fjárhæðir eru reiknaðar að nýju yfir í krónur.

Fjárhæð gjalds á hvert kílógramm cf slátruðum laxi sem alinn er í sjó með lokuðum eldisbúnaði skal nema 25% cf gjaldi skv. 2. mgr.

Fjárhæð gjalds á hvert kílógramm af slátruðum laxi sem alinn er í sjó með háflokkuðum eldisbúnaði skal nema 40% af gjaldi skv. 2. mgr.

Fjárhæð gjalds á hvert kílógramm af slátruðum laxi sem alinn var skemur en 12 mánuði í sjó skal nema 50% af gjaldi skv. 2. mgr.

Fjárhæð gjalds á hvert kílógramm af slátruðum laxi sem alinn er með búnaði, tækni eða aðferð sem líkleg er til að draga úr umhverfisáhrifum eða auka áyraveferð, samkvæmt fyrirframskilgreindum viðmiðum í reglugerð, skal nema 50% af gjaldi skv. 2. mgr. eða öðru hlutfalli sem sett er fram í reglugerð.

Fjárhæð gjalds á hvert kílógramm af slátruðum laxi sem aðeins er alinn einn vetur í sjó, þannig að slátrun fari fram eigi síðar en 20. október ári eftir útsetningu fisks, skal nema 30% af gjaldi skv. 2. mgr.

Eigi fleiri en ein framleiðsluáferð við skv. 5.–9. mgr. skal lægsta gjaldahlutfall gilda. Fyrsta kynslóð fisks í stafssemi rekstrarleysisáhrifa sem alin er með þeim áferðum sem um ræðir í 5.–9. mgr. skal þó vera undanþegin gjaldi.

Með alþjóðlegu markaðsverði í 2. mgr. er átt við verð á slægðum eldislaxi með haus.

Fjárhæð gjalds á hvert kílógramm slátraðs regnbogasilungs og cfjós lax skal nema helmingi af gjaldi samkvæmt þessari grein og kemur sú lækkun til viðbótar við aðra lækkun gjalds skv. 5.–9. mgr.

Framleiðslugjald rennur til ríkisins sem heldur tveimur þriðjungum og þriðjungur af því rennur í samfélagssjóð sem fer í verkefni í sjókvíaeldisbyggðum. Þær fjárhæðir sem miðað er við er alþjóða markaðsverð á laxi en inn eru komin ný ákvæði um að leyfilegt er að draga frá framleiðslukostnað áður en prósentuhlutfall gjaldtöku er reiknað. Hefur verið reiknað nákvæmlega hvaða áhrif þetta hefur á tekjustofna sjókvíaeldisbyggðana?

Auk þess sem að framleiðslugjaldið verður ekki virkjað að fullu 2026 heldur árið 2028 sem er seinkun um 2 ár.

Það er mjög gott að setja hvata til að minnka umhverfisáhrif í sjókvíaeldi en við setjum spurningarmerki við að allir þeir hvatar skerði samfélagssjóðinn, væri ekki eðlilegra að hvatar til umhverfisbóta skertu Umhverfissjóðinn?

Þegar slátraður lax hefur verið skemur en 12 mánuði í sjó verður veittur 50% afsláttur. Verða þá tekjurnar í versta falli 1% eftir að afslátturinn hefur verið gefinn sem gerir 0,5% í raun? Það er ljóst að umfang löndunar, mannaflinn sem þarf að sinna eldinu, og allir þeir þættir sem snúa að eldinu og uppbyggingu samfélaganna eru jafn brýnir hvort sem beitt er umhverfisvænni aðferðum eða ekki.

81. gr. Samfélagssjóður sjókvíaeldis og skipting úthlutunarjár.

Samfélagssjóður sjókvíaeldis er opinber sjóður sem heyrir undir ráðherra. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja sjókvíaeldisbyggðir og þar með samfélög og stöðir atvinnulífs á þeim svæðum.

Samfélagssjóður sjókvíaeldis lýtur yfirsjórn þriggja einstaklinga sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu ráðherra sem fer með fjárreiður ríkisins og fjármál, einn úr hópi sveitarsjórnarfólks í sjókvíaeldisbyggðum samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitafélaga og einn án tilnefningar sem vera skal formaður.

6.1.3. Samfélag.

Lagareldi er atvinnugrein sem er stunduð á landsbyggðinni og sjókvíaeldi hefur þegar haft mikil áhrif á sveitafélög á Vestfjörðum og Austfjörðum sem sum hver hafa búið við einhæft og ótryggt atvinnulíf. Það er samfélagslega mikilvægt að greinin byggist upp með sjálfbærum hætti og eflum leið efnahagslegan og samfélagslegan viðnámsþrótt byggðanna. Það er einnig samfélagslega mikilvægt að rekstraradilar í sjókvíaeldi nái árangri í að bæta framkvæmd þannig að skilyrði skapist fyrir aukinni samfélagslegri sátt. Með skýrum ramma og hvatakefjum er talið að stuðlað sé að slíkum skilyrðum.

Í frumvarpinu er lögð til stofnun Samfélagssjóðs sjókvíaeldis sem yrði sjáfstæður opinber sjóður og hefði það hlutverk að efla sjókvíaeldisbyggðir og þar með skjóta stöðum undir þau samfélög og efla atvinnulíf þar sem sjókvíaeldi er stundað.

Eins mun aukið landeldi hafa áhrif á þeim svæðum þar sem það verður umsvifamest. Því er mikilvægt að greinin búi við skýrt regluverk, nái að vaxa með sjálfbærum hætti og verða samfélagslega mikilvæg.

Hlutverk samfélagssjóðsins er að styrkja sjókvíaeldissamfélögin og atvinnulíf á svæðinu. Hinsvegar þurfa að vera skýr markmið um hvernig á að styrkja samfélögin og tryggja sjálfbærni þeirra með mælanlegum markmiðum.

Samfélögin eru ávörpuð í frumvarpinu en engin skýrir mælikvarðar um hvernig á að framfylgja markmiði um eflingu samfélaganna. Mikilvægt að byggja upp rannsóknir, menntun og fleiri störf er tengjast eldinu á þeim svæðum sem eldið fer fram.

Í lögnum er sagt að kveðið verði á um það í reglugerð hvernig fjármagni úr samfélagssjóðnum verði skipt til sjókvíaeldisbyggðalaga og taka mið af umfangi sjókvíaeldis í hverri sjókvíaeldisbyggð. Þarna þarf að skýra hvort tryggt sé að skráning starfsmanna sé tengd við verkstöðvarnar, það er sjókvíaeldissvæðin, starfssvæði og athafnasvæði hafna.

125. gr. Gjaldtaka vegna eftirlits og þjónustuverkefna samkvæmt lögum þessum.

Fyrir eftirlit, umsýslu og skjalaskoðun Matvælastöfnunar eða faggiltra eftirlitsaðila á hennar vegum skal greiða gjald sem ekki er hærra en raunkostnaður til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum:

- a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits, umsýslu og skjalaskoðunar,
- b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. kostnaði af aðstöðu, áhöldum, búnaði, þjálfun og ferðalögum, svo og tengdum kostnaði,
- c. kostnaði vegna sýnatöku opinberra eftirlitsaðila og kostnaði sem opinberar rannsóknastofur innheimta vegna sýnatöku, greiningar, prófunar og sjúkdómsgreininga sem framkvæmdar eru á opinberum rannsóknastofum.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um eftirlit, umsýslu og skjalaskoðun Matvælastöfnunar og skal hann gefa út gjaldskrá fyrir eftirlit Matvælastöfnunar að fengnum tillögum stofnunarinnar.

Við gerð reglugerðar og gjaldskrár opinberra eftirlitsaðila er heimilt að taka tillit til eftirfarandi atriða:

- a. hvers konar fyrirtæki um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta,
- b. hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu,
- c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,
- d. þarf fyrirtækja með aðsetur á svæðum sem líða fyrir lancfræðilegar takmarkanir.

Matvælastöfnun skal afla umsagnar hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár stofnunarinnar með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hæfi umsagnir þeirra ekki borist Matvælastöfnun að mánuði liðnum er ráðherra þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.

Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi opinbers eftirlitsaðila.

Innheimta má eftirlitsgjaldið með jónámi án undangengins dóms eða sáttar. Opinberum eftirlitsaðilum er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri jónámi vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

Það er mikilvægt að gæta meðalhófs við gjaldtöku vegna eftirlits og ekki verði settar auknar álögur á fyrirtækin en þegar eru kominn með gjaldi til Umhverfissjóðs og Samfélagsjóðs. Það myndi vera góð hagræðing að eftirlitsaðilar væru staðsettir þar sem eldið fer fram.

Þörungarækt

Um 2. gr.

*Gildissvið frumvarpsins tekur skv. 1. mgr. greinarinnar til sjókvíaeldis, landeldis og hafeldis á fiski, sbr. einnig 3. gr. varðandi orðskýringar. **Frumvarpið tekur ekki til ræktunar og nýtingar sjávargróðurs, skeifiskræktar eða fiskræktar samkvæmt lögum um fiskrækt, nr. 58/2006.***

*Við samningu frumvarpsins vógu á tvö sjónarmið, annars vegar sjónarmið um að frumvarpið yrði grundvöllur nýrra heildarlaga um alla ræktun og eldi lagaráyra og annarra vatnalívera og hins vegar sjónarmið um að slík almenn heildarlög yrðu of þung í vðfum og myndu illa ná til sérstakra aðstæðna í einstökum undirgreinum lagareldis. **Hefur reynsla af gildandi lögum sýnt að mikil þörf hefur verið á að aðlaga almennar reglur þeirra laga að einstökum atvinnugreinum, einkum hvað varðar sjókvíaeldi.** Lög um fiskrækt eru sérlög sem lúta einkum að fiskrækt í veiðivötnum og eiga ákvæði þeirra laga um margt meiri samleið með lögum um lax- og silungsveiði heldur en lögum um lagareldi. Ekki eru lagðar til breytingar á lögum um fiskrækt með frumvarpi þessu. Þá eru ekki lagðar til neinar breytingar á lögum um skeláýrarækt, nr. 90/2011, en í undarfarandi samráðsferli komu fram ábendingar um að skeláýrarækt ætti samleið með almennum lögum um lagareldi. **Niðurstaðan var þó sú að hrófla ekki við lögum um skeláýrarækt og gilda þau áfram óbreytt.***

*Hvað varðar þörungarækt þá er reglur um ræktun smáþörunga og stóþörunga ekki að finna í frumvarpinu þrátt fyrir að stefnumótunarvinna hafi verið unnin fyrir báðar greinar eins og fram kemur í 1. kafla greinargerðar. Ástæðan fyrir því að frumvarpið tekur ekki til þörunga-ræktar er einkum tvíþætt. Í fyrsta lagi hefðu ný lög um lagareldi orðið þyngri í vðfum en æskilegt væri ef þau hefðu einnig tekið til þörungaræktar. **Í öðru lagi virðast vaxtarmöguleikar í þörungarækt til framtíðar svo miklir að rétt sé að sérstök lög gildi um atvinnugreinina.** Í öllu falli stóð aldrei til að settar yrðu sérstakar reglur um smáþörungarækt enda umhverfisáhrif smáþörungaræktar, eins og hún er nú stunduð, hveifandi samanborið við ýmsar aðrar greinar lagareldis. **Þá eru einnig rök sem mæla með því að reglur um ræktun stóþörunga fari saman með vinnslu villtra stóþörunga.***

Eins og kemur hér fram var ákveðið að hrófla ekki við lögum um skeldýrarækt en sú grein er að leggjast af vegna of þungs lagaramma og mjög kostnaðarsams eftirlits á hvern rekstraraðila. Endurskoða þarf þau lög og einn þáttur til bóta væru grunnrannsóknir á landsvísu sem myndu nýtast öllum greinum lagareldis. Þá myndu allar greinar í lagareldi njóta góðs af niðurstöðunum sem væru aðgengilegar í opnum gagnagrunni.

Í öðru lagi virðast vaxtarmöguleikar í þörungarækt til framtíðar svo miklir að rétt sé að sérstök lög gildi um atvinnugreinina. Mikilvægt er að ekki verði frekari tafir á að setja nýjan lagaramma fyrir þörungarækt en staðan nú er að aðilar eru að valda sér svæði um allt land undir merkjum ”rannsóknarleyfa” og engin lagarammi til um greinina. Í raun er að skapast sambærileg staða og var við upphaf sjókvíaeldis um síðustu aldamót. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða og við meigum ekki endurtaka sömu mistökin aftur.

Að lokum

Það er mjög mikilvægt að það sé sýnt meðlahóf gagnvar atvinnugreininni svo það sé raunhæfur rekstrargrundvöllur fyrir sjókvíaeldi á Íslandi til langrar framtíðar. Í lagafrumvarpinu eru reglur orðnar miklu skýrari og miklar kröfur gerðar í umhverfismálum sem er mjög jákvætt. Í 26. gr.

eru komin tímamörk á úrvinnslu umsókna og Matvælastofnun og Umhverfisstofnun gefa út starfs- og rekstrarleyfi samtímis. Búið að skýra vel í 40. gr. varðandi fyrirkomulag um innköllun og útboð laxahlutar. Þessar breytingar er til mikilla bóta.

Hinsvegar ber að varast allar öfgar og þung viðurlög sem geta leitt til þess að atvinnugreinin geti ekki þróast í samræmi við markmið fyrstu greinar laganna: *Markmið laga þessara er að skapa skilyrði til sjálfbærrar uppbyggingar lagareldis og efla þannig verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu lagareldi og tryggja verndun villtra nýjastc.fna.* Samanber hvornig rammi og þungt regluverk í skeldýrarækt hefur gengið af atvinnugreininni dauðri.

Aðalsteinn Óskarsson

Sviðsstjóri byggðamála

Guðrún Anna Finnbogadóttir

Teymisstjóri Atvinnu- og byggðaðróun